

# Orðabækur og orðalistar

## Íslenska og enska.

Á Íslandi er ekki til mikið af orðabókum fyrir önnur tungumál. Það er hægt að fá íslensk:/enska-spænska-pólska-serbókróatíska-þýska-franska-rússneska-sænska-norska-finnska-danska og færeyska orðabók.

Á Íslandi er enska mikilvægt tungumál. Enska er annað tungumál í skóla en danska er þriðja tungumál. Í háskóla eru margar bækur á ensku og dönsku.

Það eru til mjög margar orðabækur á ensku. Ef maður kann ensku er auðveldara að læra íslensku vegna þess að hægt er að finna orðabækur á ensku og amharísku, rússnesku, nepölsku, portúgölsku og mörgum, mörgum fleiri tungumálum.

## Hvernig á að vinna með orðabók.

Fyrst þarf að læra stafrófið. Orðin í orðabók eru alltaf í stafrófsröð. Alveg eins og í símaskránni.

Ágætt er að læra vísuna og lagið við ABCD... en textinn á nú ekki alveg við íslenska stafrófið heldur það enska sem er ekki mjög frábrugðið íslenska stafrófinu. Þórarinn Eldjárn hefur gert vísu um íslenska stafrófið.

## Stofn orða

Þegar orð er inni í texta er erfitt að sjá hvernig orðið lítur út í orðabók. Orðið sem þú skilur ekki er ekki alltaf í orðabókinni. Þess vegna er gott að læra að skilja stofn orða.

## Orðflokkar

Íslenska skiptist í orðflokka. Orðflokkaárið\*1 sýnir hvað eru margir orðflokkar í íslensku.

Til að geta notað orðabók þarf að lesa vel úr samhengi textans hvernig orði þarf að fletta upp.

Mikilvægt er að safna orðum eftir flokkum í bækur sem hafa liti eftir orðflokkum. Rauður = sagnir, svartur = nafnorð, grár = greinir blár = lýsingarorð, grænn = forsetning, appelsínugulur = atviksorð, fjólublár = fornafn, bleikur = samtenging.

Hvaða hlutverki gegna orðin í setningum?

Hversvegna er tungumálið flokkað í orðflokka?

Orðflokkar sem þið lærið fyrst eru nafnorð, sagnorð, persónufornöfn og lýsingarorð.

▲ nafnorð

● sagnorð

▶ fornöfn

▲ lýsingarorð

## Hvernig á að finna orð í orðabók?

**Sagnorð:**

- endar orðið á -aði, -di, -ti, uðum, -um, -uðu, -dum? Þá er það ef til vill veikt sagnorð í þátíð. Þá eru endingarnar teknar í burtu og -a sett í staðinn og þá finnst orðið í orðabók.

Dæmi: 1) skrifuðum = skrif 2)borðuðu = borð 3)talaði = tal 4)kenndum = kenn.

**Lýsingarorð:**

- endar orðið á -r, -ust, -st, -ari, -ri? Taktu endinguna af og þá finnurðu lýsingarorð.

Dæmi:

- kannski er það óregluleg sögn. Skoðaðu sagnorðabókina þína.

**Nafnorð:**

Dæmi:

- endar orðið á -an, -unni, -unnar, -in, inn, -inum, -unum, -ins, -ið, -uð?

Taktu endingarnar af og skoðaðu nafnorðabókina þína.

Í orðaflokkahúsinu sérðu hvaða orð breytast. Sumir orðflokkar breytast aldrei eins og húsið sýnir.

**Nafnorð í íslensku getur haft 16 mismunandi birtingarmyndir.**

Hér er dæmi:

HÚS hefur 16 myndir en 12 eru mismunandi.

Dæmi: hús - húsi - húss - húsum - húsa - húsið - húsinu - hússins - húsin - húsunum - húsanna. Hér sést hvernig sama orðið getur litið út.

**Skammstafanir í orðabókum.**

ao = atviksorð

et = eintala

fn = fornafn

fs = forsetning

ft = fleirtala

l/lo = lýsingarorð

n/no = nafnorð

nt = nútíð

s/so = sagnorð

st = samtenging

þt = þátíð